

Hótel og baðlón að Efri-Reykjum í Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 18. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkís, verkfræðistofu um ofangreinda framkvæmd samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 12.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efri-Reykir í Bláskógabyggð, hótél og baðlón. Fyrirspurn um matsskyldu. Verkís, verkfræðistofa, júní 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með tölvupósti dags. 12. ágúst 2019
- Fiskistofu með bréfi dags. 21. ágúst 2019
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands með tölvupósti dags. 23. ágúst 2019
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 30. júlí 2019
- Orkustofnun með bréfi dags. 23. ágúst 2019
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 15. ágúst 2019 og 20. febrúar 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 10. september 2019 og 24. febrúar 2020. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 7. janúar 2020 og barst umsögn stofnunarinnar þann 14. janúar 2020. Svör framkvæmdaraðila við umsögninni bárust 24. janúar 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áformað sé að byggja hótél og tvö baðlón á 30 ha landi Efri-Reykja rétt við Brúará, miðja veginni milli Laugarvatns og Úthlíðar. Gert er ráð fyrir að meðalgestafjöldi á dag verði um 1.200 þegar hótelið er fullbyggt.

Fram kemur að framkvæmdin verði áfangaskipt en áætlað sé að baðlónin tvö verði samtals um 6.000 m² og útbúnar verði um 5.000 m² hreinsitjarnir. Hótelið verður um 10.000 m² með allt að 200 herbergi í 16,5 m hárrí byggingu á 3 hæðum að loknum seinni áfanga. Einnig er gert ráð fyrir um 6.000 m² þjónustumiðstöð fyrir baðstaðinn sem tengist hótélbyggingunni. Miðstöðin verður mest tvær hæðir auk kjallara. Þá er gert ráð fyrir 5 starfsmannahúsum alls um 750 m², nýjum malbikuðum vegi að hótelinu frá þjóðvegi og um 200 malbikuðum bílastæðum auk 7 stæða fyrir rútur.

Fyrri áfangi kemur til með að fela í sér byggingu þjónustuhúss og hótels með 100 herbergjum auk 1.000 m² náttúrulegar. Í seinni áfanga verður hótél stækkað um 100 herbergi og byggð 5.000 m² náttúrulegar.

Göngustígar innan skipulagssvæðisins verði lagðir í landið til að stýra umferð um svæðið og sérstaklega til að vernda bakka Brúará. Umferðarréttur almennings meðfram Brúará verður tryggður. Stígarnir verða malarstígar, 1,5 - 2,5 metra breiðir.



Fram kemur að vegna mikils steinefnainnihalds henti hitaveituvatn úr borholum frá Efri-Reykjum ekki vel sem baðlónsvatn og því sé gert ráð fyrir að afla þurfi kalds vatns sem hitað verður upp með borholuvatni sem fengið verður úr núverandi borholu ER-23 frá Efri-Reykjum. Gert er ráð fyrir að bora holu fyrir kalt vatn í nokkurra km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Fram kemur að í fyrri áfanga muni þurfa um 11 l/s af 145°C heitu vatni. Þar sem þetta vatn rennur að hluta í Brúará í dag, yrði lítil aukning í innrennsli hitaveituvatns í Brúará við nýtingu þess. Fyrir seinni áfanga þarf að bora nýja borholu sem aflar 45 l/s af 145 °C vatni fyrir stærra lónið og sem neyslu- og hitavatn fyrir stækkun hótelsins.

Breytingar á framkvæmd á meðan málsmeðferð stóð yfir

Áform framkvæmdaraðila tóku breytingum á meðan málsmeðferð stóð yfir. Upphaflega var gert ráð fyrir að í seinni áfanga uppbyggingar baðlóna kæmi til greina, ef reynsla af rekstri náttúrulegar myndi ekki verða góð, að hægt væri að byggja seinni áfanga baðlóna með klórhreinsun samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Í svörum við umsögnum hefur framkvæmdaraðili fallið frá því að vera með klórhreinsun í seinni áfanga og mun byggja náttúruleg en ekki afþreyingarlaug. Eftir að framkvæmdaraðili breytti áformum sínum varðandi klórnotkun leitaði Skipulagsstofnun umsagnar Umhverfisstofnunar að nýju ásamt því að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Auk þess að falla frá fyrirhugaðri klórnotkun hefur framkvæmdaraðili einnig breytt fyrirhugaðri staðsetningu mannvirkja, þ.e. fært þau lengra frá bakka Brúar. Einnig hefur framkvæmdaraðili útfært frekar og skýrt fyrirkomulag frárennslis og hreinsunar þess.

Valkostir

Í greinargerð eru lagðir fram 3 kostir og er kostur A uppbygging í landi Efri-Reykja alls 15.750 m² af nýbyggingum, ásamt 6.000 m² klórlausri náttúruleg. Er þetta sá kostur sem stefnt sé að. Kostur B gerði ráð fyrir möguleika á klórnotkun og klórhreinsun í seinni áfanga sem hætt hefur verið við.

Kostur C: Fram kemur að aðrir möguleikar á uppbyggingu baðlóns og hótels séu þeir að staðsetja fyrirhugaðar framkvæmdir fjær ánni, utan svæðis á náttúrminjaskrá. Þetta sé vart raunhæfur kostur því við það færast byggingar nær vegi og inn á veghelgunarsvæði. Auk þess byggist upplifun ferðamanna á baðlóninu og hótelinu að stórum hluta á nálægð við Brúará.

Frárennsli

Fram kemur að frárennsli baðlauga og ofnakerfis verði leitt í tæplega 5000 m² stórar hreinsitjarnir en frárennsli neysluvatns (frá sturtum, vöskum og salernum) verði leitt í lífræna hreinsistöð með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa. Blágrænar ofanvatnslausnir verða notaðar til að veita regnvatni af bílastæði og húspökum í nærliggjandi jarðveg. Við fyrri áfanga er áætlað að skolpmengunarálág samsvari 250 persónueiningum (pe.) og 1,9 l/s rennsli að meðaltali m.v. hámarksálag. Þar sem Brúará sé næst stærsta lindá landsins, þá nemi vatnsmagnið ekki nema 0,005 % af meðalrennsli og er nokkuð jafnt yfir árið. Því eigi áhrif næringarefna- og fosfórmengunar að vera lítil. Meira máli skipti að draga úr sýkingarhættu þar sem um veiðiá sé að ræða. Því sé í fyrri áfanga, auk tveggja þrepa hreinsunar með lífrænni hreinsun, gert ráð fyrir að geisla frárennslið og halda þannig fjölda kóligerla og annarra baktería niðri. Virkni hreinsunarinnar verði vöktuð til að til að tryggja að hún uppfylli losunarkröfur.

Fram kemur að í seinni áfanga sé áætlað að skolpmengunarálág fari upp í 500 pe. og 3,6 l/s rennsli að meðaltali m.v. hámarksálag, eða sem nemur 0,01% af vatnsmagni Brúará. Þá muni hreinsistöðin verða stækkuð sem því nemi, auk þess sem metið verði hvort að ástæða sé til að efla hreinsun enn frekar. Haft verður samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um hvort mælingar gefi tilefni til að bæta hreinsun og setja upp hreinsun á auðgandi efni úr frárennsli.



Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að miðað við þann gestafjölda sem gert sé ráð fyrir sé 500 þe. fráveitumannvirki of lítið. Jafnframt er bent á að gera þurfi ráð fyrir fituskilju á fráveitu frá veitingaaðstöðu til að tryggja virkni rotþróar. Þá er bent á að vatnspörf lóns sé vanáætluð þar sem gera þurfi ráð fyrir meiri kælingu á innstreymi en áætlað sé í greinargerð. Heilbrigðiseftirlitið telur að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi fyrirhugaðrar framkvæmdar og með hliðsjón af stærð og umfangi hennar telji eftirlitið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Svör framkvæmdaraðila

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við athugun framkvæmdaraðila á útreikningum vegna athugasemdar Heilbrigðiseftirlitsins hafi komið fram að ekki hafði verið fyllilega tekið tillit til hámarksnotkunar. Framkvæmdaraðili tekur því undir athugasemd eftirlitsins og telur að fjöldi persónueininga verði 750 miðað við báða áfanga. Þá tekur framkvæmdaraðili fram að fitjuskilju verði komið fyrir. Bent er á að í greinargerð sé verið að lýsa kæliaðferð sem sé sambærileg þeirri sem bæði sé notuð í Bláa lóninu og Jarðböðunum við Mývatn. Lítið mál sé að nota mjög heitt vatn í náttúrulegar þegar nýttur er blöndunarbúnaður sem tryggir að þegar vatnið berst í laugina þá er það aldrei heitara en viðmiðunarhiti sem er yfirleitt um 40°C.

Framkvæmdaraðili tekur fram að eftir fyrri áfanga verður hægt að mæla BOD í frárennsli og meta hvort þörf sé á enn ítarlegri hreinsun í seinni áfanga.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að gert sé ráð fyrir töluverðum fjölda gesta daglega þegar seinni áfanga verkefnisins verði lokið og ef áætlanir standist muni fjöldi baðgesta verða með því mesta sem þekkist á landinu. Áætlað frárennsli sé töluvert magn að mati stofnunarinnar. Ef fyrirhugað hreinsivirki virkar ekki eins og fyrirætlanir segja til um þá er ljóst að töluvert skólp mun fara í Brúará. Uppsetningar og rekstur slíkra hreinsivirkja er vandmeðfarinn, en því eru ekki gerð mikil skil í greinargerðinni. Auk þess bendir stofnunin á að hreinsa þurfi skólp með ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun.

Svör framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili tekur fram að notast verði við ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun. Strax í fyrri áfanga verði notast við tveggja þrepa hreinsun með geislun, sem flokkast sem ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun. Í seinni áfanga verði svo bætt um betur og bætt við hreinsun fyrir auðgandi efni í frárennsli ef þess er talið þörf í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Þá segir í svörum framkvæmdaraðila að ekki sé búið að ákveða hvaða hreinsistöð verði keypt og ekki liggja fyrir hvort að þörf verði á að setja upp hreinsun á auðgandi efnum eins og fyrirhugað er að kanna með mælingum eftir fyrri áfanga.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Að mati Náttúrufræðistofnunar á vöktun á frárennsli að vera viðvarandi. Hve mikil og hve oft fari eftir efni og ástæðum og væntanlega gert í samráði við viðkomandi eftirlitsaðila.

Svör framkvæmdaraðila

Í svörum framkvæmdaraðila segir að gerðar verði reglulegar mælingar á frárennsli til Brúarár, þar með talið mælingar á efnainnihaldi vatns, í samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Einnig hefur framkvæmdaraðili fengið Náttúrufræðistofu Kópavogs til að gert drög að vöktunaráætlun til að fylgjast með breytingum á lífríki Brúarár. Framkvæmdaraðili muni framkvæma grunnrannsókn áður en framkvæmdir hefjast og svo aftur rannsókn eftir að baðlón og hótél eru komin í rekstur, sbr. vöktunaráætlun. Auk þess hefur framkvæmdaraðili ákveðið að gera slíkar rannsóknir í 2 ár eftir að



rekstur hefst. Komi í ljós að áhrif verði meiri en áætlað var mun verða brugðist við með viðeigandi aðgerðum og áin vöktuð áfram.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Verkís og umsögnum umsagnaraðila.

Náttúruminjar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að Brúará sé á náttúruminjaskrá ásamt 200 m spilldu beggja vegna árinna. Áin sé á náttúruminjaskrá vegna fossa, fjölskrúðugs gróður og fuglalífs, og vegna tilkomumikils landslags í Brúarárskörðum. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu í töluverðri fjarlægð frá Brúarárskörðum. Verndargildi fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hafi nú þegar rýrnað vegna efnistöku á bökkum árinna auk hrossabeitar. Hrossum hafi verið beitt á svæðið um langt árabil sem hafi haldið niðri gróðurvexti, ásamt því sem landið hafi verið ræst fram. Því sé svæðið töluvert raskað. Framkvæmdirnar muni þó hafa staðbundin og nokkuð neikvæð áhrif á verndargildi árinna, þrátt fyrir að verndunin byggji einkum á Brúarárskörðum sem séu fjarri framkvæmdarsvæðinu. Mótvægisaðgerðir felist í lagfæringum á röskuðum árbökkunum, stýringu gangandi umferðar, friðun fyrir búfjárbreit og eflingu gróðurs á því svæði þar sem ekki verða framkvæmdir.

Umsagnir

Í umsögn Bláskógabyggðar kemur fram að sveitarstjórnin telji að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum á grundvelli þess að um sé að ræða svæði á náttúruminjaskrá sem sé ofarlega á víðáttumiklu vatnasviði. Þá beri að horfa til álagsþols náttúrunnar svo sem þátta sem varða álag á lífríki árinna, fuglalíf og gróður.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að hér sé um að ræða umfangsmiklar framkvæmdir og verði mannvirki staðsett við bakka einnar stærstu lindár landsins. Brúará hefur sérstakt verndargildi á landsvísu sem og alþjóðlegt verndargildi.

Fiskistofa bendir á í umsögn sinni að að teknu tilliti til þess að umrætt framkvæmdasvæði er á náttúruminjaskrá og m.t.t. hugsanlegra neikvæðra áhrifa framkvæmdanna á lífríki Brúarár telur Fiskistofa eðlilegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin hefur lagt til að Laugarvatn-Apavatn-Brúará verði sett á B-hluta náttúruminjaskrár, framkvæmdaáætlun og eru forsendur tillögunnar vernd ferskvatnsvistgerða, jarðhitavistgerða og fuglategunda. Undir aðgerðir til verndar í tillögu Náttúrufræðistofnunar er lagt til að tryggja þurfi að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum komi til þess og að til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þurfi að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti allt að 100 m frá þeim. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki líklegt að framangreind framkvæmd valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum að því tilskyldu að farið verði að ýrtruðu kröfum um mengunarvarnir og aðra náttúruvernd og ef byggingar og baðlón eru eins langt frá ánni og mögulegt er.

Svör framkvæmdaraðila

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að eftir þá áherslu sem hefur verið lögð á fjarlægð frá Brúará hjá umsagnaraðilum, og eftir viðræður við arkitekt, hefur framkvæmdaraðili ákveðið að færa byggingarreit húsa og baðlóna fjær Brúará. Þau baðlón sem lentu innan við 100 m frá árbakkanum eru því nú þar fyrir utan. Þá eru það eingöngu göngustígar sem munu lenda í innan við 100 m fjarlægð frá bakkanum, en þeir eru taldir nauðsynlegir til að koma í veg fyrir rask vegna



ferðamanna sem vilja skoða ána. Framkvæmdaraðili hefur fallið frá því að vera með klórhreinsun í seinni áfanga og því verður ekki um áhrif af klórmengun að ræða. Ítrekað er að áhrif frárennslisins á hitastig Brúarár verða hverfandi þar sem rennslið úr lóninu sé ekki nema um 0,16% af meðalrennsli Brúarár og bent á að skólp verði hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa m.a. verður skólpið geislað og í seinni áfanga bætt við hreinsun fyrir auðgandi efni í frárennsli ef þess sé þörf og verði það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Bent er á að sérfræðingar hafi verið fengnir til að kanna fuglalíf og gróðurfar á svæðinu og munu áhrif á fugla verða tímabundin og rask á gróðri verður á takmörkuðu svæði.

Gróður

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að víðikjarr sé algengasta gróðurvist svæðisins, en um sé að ræða vist með mjög hátt verndargildi. Næst algengust sé kjarrskógarvist og snarrótavist sem séu báðar með hátt verndargildi en eyrarnar hafi lágt verndargildi. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér rask á svæði þar sem víðir er mest áberandi ásamt stöku birkitré sem stendur uppúr. Þar sem svæðið hafi verið notað sem beitiland sé ekki um að ræða náttúrulegt, óraskað svæði þar sem beit hefur hamlað vexti gróðurs. Vegna stærðar svæðisins sé ekki talið að framkvæmdirnar muni hafa merkjanleg áhrif á gróður á svæðis- eða landsvísu. Votlendið sem er að finna á svæðinu sé lítið og uppfylli þar að leiðandi ekki skilyrði 61. greinar náttúruverndarlaga.

Umsagnir

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin lýsi yfir furðu sinni á því að framkvæmdaraðili skuli leggja til að gerðar séu tilraunir með hitakærar innfluttar vatnablöntur í hreinsitjarnir sem hæglega geta dreifst um landið þó sá varnagli sé settur að nota eigi plöntur sem ekki gætu vaxið annarsstaðar á Íslandi. Jarðhitavistgerðir almennt eru fágætar og staðbundnar, og leggst Náttúrufræðistofnun gegn því að gerðar séu tilraunir með framandi hitakærar vatnablöntur sem geta bæði orðið ágengar og dreifst enda mjög vafasamt að fullyrða að ákveðnar tegundir geti ekki vaxið annarsstaðar á Íslandi ef þær geta vaxið á umræddum stað.

Náttúrufræðistofnun telur að það sé æskilegt að skrásetja plöntutegundir skipulega innan svæðisins, einkum m.t.t. til jarðhita.

Svör framkvæmdaraðila

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að eftir ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur framkvæmdaraðili ákveðið að nota eingöngu plöntur sem vaxa á Íslandi.

Áður en framkvæmdir hefjast mun samstarfsaðili framkvæmdaraðila skrásetja plöntur skipulega innan svæðisins. Lögð verði áhersla á jarðhitaplöntur. Þó sé rétt að benda á að enginn jarðhitauppspretta er á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, en manngerður lækur rennur frá borholunni, sem er utan við framkvæmdarsvæðið, og rennur þvert yfir svæðið. Yrði lækurinn kannaður sérstaklega, sem og nærsvæði hans.

Fuglar

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að við athugun á fuglalífi hafi verið gerð heildartalning á framkvæmdarsvæðinu sökum þess hve það nær yfir takmarkað svæði og var talið tvívegis árið 2018 í júní og ágúst og sáust 14 tegundir fugla og eru þær allar taldar vera líklegar varptegundir á framkvæmdarsvæðinu eða í næsta nágrenni þess. Af þessum 14 tegundum er ein talin í yfirvofandi hættu (stelkur) skv. valista Náttúrufræðistofnunar Íslands og ein í nokkurri hættu (kría). Stelka er líklega helst að finna í jaðri framkvæmdarsvæðisins því þeir eru berangursfuglar og líkar ekki að verpa í þéttu kjarri eins og víðast er á framkvæmdarsvæðinu. Kríur við Brúará eru þá líklega minna háðar fæðu í sjó og sækja fæðu sína í nánasta umhverfi, síli og skordýr. Framkvæmdin myndi væntanlega ekki hafa áhrif á fæðuöflun þeirra og því hafa takmörkuð áhrif. Straumöndin var áður talin í yfirvofandi hættu en hefur verið færð niður um flokk á nýjum valista frá 2018 og er nú í flokki



LC, ekki í hættu. Engar straumendur sást í júní en ein kolla með tvo unga sást í ágúst talningunni. Fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu munu líklega ekki ógna sjaldgæfum tegundum né hafa merkjanleg áhrif á stofna þeirra tegunda sem þar er að finna, hvorki á landsvísu né á svæðisvísu. Framkvæmdin mun hafa í för með sér staðbundið en varanlegt tap á búsvæðum fyrir þurrlandisfugla eins og skógarþresti og þúfutittlinga og líklega einnig vaðfugla þó í minna mæli. Rennli árinna mun ekki skerðast og áhrif á lífríki hennar verða óveruleg og því verði áhrif á vatnafugla líklega óveruleg á rekstartíma.

Umsagnir

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að nálægð við ána er mikil og trúlegt, ef af framkvæmdum verður, að umferð verði nokkur um göngustíga sem liggja að eða með bökkum. Skipuleggja þarf stígana þannig að áhrif á fuglalíf verði sem minnst. Göngustígarnir um svæðið eiga að vera allt að 2,5 m breiðir malarstígar og er það nokkuð vel í lagt og spurning hvort ekki eigi að gera ráð fyrir eitthvað nettari stígum, a.m.k. þar sem þeir liggja lengra frá helstu byggingum og að bakka Brúarár.

Svör framkvæmdaraðila

Í svörum framkvæmdaraðila segir að sérfræðingur hafi verið fenginn til að gera athugun á fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Niðurstaða hans var að þéttleiki fugla er lítill. Sérstakt tillit verður tekið til hans við hönnun göngustíga til að truflun fuglalífs verði sem minnst. Framkvæmdaraðili er sammála um að 2,5 m breiðir göngustígar eru nokkuð breiðir og hefur því ákveðið að byrja á því að útbúa 1,8 m breiða göngustíga. Þó vill framkvæmdaraðili halda þeim möguleika opnum að breikka stígana í framtíðinni, ef fjöldi ferðamanna eykst.

Vatnafar - Vatnalíf

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að Brúará sé ein af þverám Hvítár í Árnessýslu og ein af stærri lindám landsins alls 40 km löng frá upptökum þar til hún sameinast Hvítá. Áin og farvegur hennar frá upptökum til ármóta við Hvítá er að mestu náttúruleg. Bleikja er ríkjandi í ánni en þar er einnig að finna lax og urriða. Efnainnihald Brúarár er sambærilegt ómengduðum straumvötnum. Magn næringarefna í ánni eru árstíðarbundin, en verður aldrei mjög lágt og takmarkar ekki möguleika frumframleiðanda til ljóstíllífunar. Talið er að töluvert fæðuframboð sé í ánni.

Hugsanleg áhrif framkvæmdanna á vatnafar og vatnalíf eru aukið vatnsrennsli, hitaáhrif og efnaáhrif. Áhrif frárennslisins úr baðlónum sem fer í Brúará eftir viðkomu í hreinsitjörnum á hitastig Brúarár eru hins vegar hverfandi þar sem að rennslið úr lónunum er ekki nema um 0,16 % af meðalrennsli Brúarár. Hitastigsaukningin næmi ekki nema um 0,05°C sem er ekki mælanleg breyting. Helstu efnaáhrif fyrirhugaðra framkvæmda eru vegna áls en álstyrkur er einkum hættulegur fyrir seiði ferskvatnsfiska. Álstyrkur mun falla hratt í hreinsitjörnum við lægra pH gildi. Vegna gegnumstreymis á brennisteinsríku jarðhitavatni, þá mun brennisteinsstyrkur hreinsitjarnanna vera nokkuð hár. Efnainnihald vatns sem veitt verður út í Brúará verður vaktað samkvæmt ráðleggingum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Náttúrustofa Kópavogs hefur útbúið vöktunaráætlun til að fylgjast með lífríki Brúarár.

Með greinargerð framkvæmdaraðila fylgdi greinargerð Hafrannsóknastofnunar þar sem meðal annars er gerð grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdar á vatnalíf. Þar segir að hætta á lífrænni mengun sé „helst til staðar ef skólpi (þar með talið baðvatni) verður veitt óhreinsuðu eða lítt hreinsuðu til árinna. Það hefði í för með sér óhagstæð vistfræðileg áhrif (t.d. þörungauuðgi), auk þess sem magn saurgerla í árvatni Brúarár gæti aukist og stefnt heilsu manna í voða. Með því að hreinsa skólpi með meira en tveggja þrepa hreinsun er hægt að koma í veg fyrir slíka áhættu.“ Auk þess segir um önnun mengunarefni: „Gæta þarf þess að mengunarefni Hg, Zn, Cu, Cr, Ni, Cd, Pb, As og P séu undir viðmiðunarmörkum. Ekki liggur fyrir um styrk þeirra efna í borholuvatni ER-23 svo hægt sé að skilgreina þynningarsvæði neðan frárennslis (tafla 2). Miðað við fyrirbyggjandi gögn um efnastyrk árvatns Brúarár er það lítið snortið eða ósnortið fyrir fyrrgreind mengunarefni.“ Þá segir að álstyrkur í borholuvatni sé mjög



hár og hættulegur fyrir seiði ferskvatnsfiska, en að hann muni örugglega falla hratt við lægra pH gildi í affallstjörnum og í árvatni.

Umsagnir

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að þrátt fyrir að Brúará sé ekki skilgreind sem viðkvæmur viðtaki eða síður viðkvæmur viðtaki sé mikilvægt að vel sé gætt að frárennsli og mögulegri mengun frá skólpi. Einnig sé mikilvægt að sýkingarhætta sé í lágmarki. Fylgjast þurfi vel með álstyrk heita vatnsins vegna áhrifa á vatnalíf (sérstaklega seiði) og mögulega þurfi frekari aðgerðir til að álstyrkur haldist innan marka. Líkt og gert er ráð fyrir þurfi að fylgjast vel með BOD í frárennsli og styrkja hreinsun sé þess þörf þar sem áhrif af vanmeðhöndluðu skólpi geti komið fram, t.d. hjá þörungum þrátt fyrir að Brúará sé vatnsmikil. Út frá stærð og umfangi framkvæmdarinnar verður að teljast líklegt að einhver áhrif muni verða á vatn og vatnalíf svæðisins. Hve staðbundin þau áhrif verði fari svo eftir hitastigi, vatnsmagni og efnainnihaldi frárennslisins og hvernig verði staðið að mótvægisáðgerðum, t.d. með hreinsun skólps og kælingu vatns. Einnig muni skipta miklu máli upp á áhrif hvort seinna meir verði tekin upp klórhreinsun sem skapi mun meiri mengunarhættu. Það sé því líklegt að einhver neikvæð áhrif verði á verndargildi árinna, í það minnsta staðbundið, sé ekki farið að ýtrustu kröfum um mengunarvarnir.

Svör framkvæmdaraðila

Framkvæmdaraðili bendir á þau efnisatriði sem koma fram í svörum hans við umsögn Bláskógabyggðar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands varðandi náttúruminjasvæðið og varðandi ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun og þynningu frárennslis í Brúará.

Útivist og ferðamennska

Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni fjölga ferðamönnum sem heimsækja svæðið. Auk þess mun hún verða til þess að þeir eyði lengri tíma á svæðinu. Með viðeigandi aðstöðu og uppbyggingu er talið að framkvæmdirnar muni hafa talsverð jákvæð áhrif á ferðamennsku.

Ásýnd og landslag

Fram kemur að byggingar verði klæddar að utan með viðarklæðningu og öðrum náttúrulegum efnum og þök verða lögð grasi og/eða kjarri. Hafa ber í huga að svæðið einkennist að nokkru leyti af fyrri framkvæmdum, s.s. skurðum, túnnum og vegum. Mikil ferðaþjónusta og sumarþústaðarlönd eru á svæðunum í kring og ber landslagið einkenni þess. Að mati framkvæmdaraðila eru áhrifin staðbundin og afturkræf ef mannvirki yrðu fjarlægð. Með tilliti til mótvægisáðgerða sem eru ætlaðar til að fella mannvirkin að umhverfi sínu, viðkvæmni landslagsins og stærð þess svæðis sem framkvæmdin mun sjást frá, eru sjónræn áhrif í heildina metin óveruleg.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Bláskógabyggðar samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig ýmsum starfsleyfum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

Framkvæmdin er háð leyfi Orkuskiptunar skv. lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Deiliskipulag hefur verið auglýst og samþykkt sveitarstjórn það á fundi sínum þann 7. nóvember 2018 með fyrirvara um niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu og hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun bendir sveitarstjórn á að breytingar



hafa verið gerðar á upphaflegum framkvæmdaáformum og því þarf að endurskoða fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og auglýsa að nýju, sbr. 2. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um byggingu og rekstur hótels og tveggja baðlóna á 30 ha svæði í landi Efri-Reykja og verða mannvirki í um 100 m fjarlægð frá ánni. Gert ráð fyrir að meðalfjöldi gesta verði allt að 1.200 á dag sem koma munu í þjónustumiðstöð á svæðinu þegar starfsemin er komin í fullan rekstur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umfang og stærð

Um er að ræða umfangsmikla uppbyggingu fyrir ferðamenn og verður fyrirhugað hótél með stærri hótélum utan þéttbýlis á landinu ef ekki það stærsta. Fyrirhuguð hótélbygging verður rúmlega 9.000 m² og 16,5 m há á þremur hæðum. Gert er ráð fyrir 200 herberjum og um 320 hótélgestum eftir að framkvæmdum við seinna áfanga lýkur. Auk þess verður byggð tæplega 6.000 m² þjónustumiðstöð, fimm starfmannahús og bílastæði fyrir 200 bíla og 7 rútur. Þá verða byggð tvö baðlón, alls um 6.000 m² og útbúnar hreinsitjarnir sem munu samlagt verða tæpir 5.000 m².

Gert er ráð fyrir mikilli aðsókn að baðlónunum og er talið að hámarksburðargeta þeirra geti verið um 2.400 gestir á dag eftir seinni áfanga.

Nýting náttúruauðlinda

Vatnspörf fyrir fyrri áfanga er áætluð 11 l/s af heitu og volgu vatni og 3,8 l/s af köldu vatni. Vatnspörf fyrir síðari áfanga er áætluð 45 l/s af heitu og volgu vatni og 1,6 l/s af köldu vatni. Samkvæmt framkvæmdaraðila eru um 11-13 l/s af 145°C vatni aðgengilegur úr núverandi borholu á Efri-Reykjum en hluti þess vatns renni í Brúará. Þá eru einnig aðgengilegir allt að 20 l/s af 30°C vatni úr annarri borholu á Efri-Reykjum. Með vísan til þess að Orkustofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða nýtingu telur Skipulagsstofnun ólíklegt að nýting náttúruauðlinda komi til með að valda verulegum umhverfisáhrifum.

Úrgangsmýndun, mengun og ónæði

Frárennsli laugarvatns verður leitt í gegnum hreinsitjarnir þar sem lífræn hreinsun á örverumengun á sér stað.

Frárennsli frá sturtum, salernum og almenns neysluvatns verður meðhöndlað í hreinsistöð með ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir tveggja þrepa hreinsun með lífrænni hreinsun auk þess sem geisla á frárennslið. Áður en kemur að seinni áfanga verður raunmengun mæld og tekin ákvörðun um hvort þörf sé á frekari hreinsun í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Sé miðað við mesta meðalmagn er gert ráð fyrir 300 þe af skólpi vegna fyrsta áfanga og 750 þe eftir annan áfanga.

Þá telur Skipulagsstofnun að gera verði ráð fyrir nokkru ónæði af framkvæmdinni, bæði á framkvæmdatíma sem og vegna fjölda gesta á rekstartíma.



Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með hliðsjón af hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til verndarsvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra. sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Líkt og fyrr segir er Brúará ásamt bökkum hennar á náttúruminjaskrá vegna þess að um er að ræða næst stærstu lindá landsins með óvenjulegum fossi, fjölskrúðugum gróðri og fuglalífi auk tilkomumikils landslags í Brúarskörðum. Að mati Skipulagsstofnunar er fyrirhuguð framkvæmd ekki líkleg til að ógna verndargildi Brúarfoss eða landslagi í Brúarárskörðum sökum fjarlægðar.

Með tilliti til þess hve víðfeðmt verndarsvæðið er og að fuglaskráningar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði benda til þess að þéttleiki fugla þar sé lítill telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að rýra verndargildi svæðisins með hliðsjón af fuglalífi. Þá verður sérstakt tillit tekið til hólma í Brúará, þar sem finna má nokkuð varp, við hönnun göngustíga til að truflun fuglalífs í hólmanum verði sem minnst.

Með tilliti til þess að fyrirhugað framkvæmdasvæði er raskað að stórum hluta vegna beitar, framræslu og efnisnáms telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að rýra verndargildi svæðisins með hliðsjón af gróðri.

Í minnisblaði Hafrannsóknastofnunar sem fylgdi greinargerð framkvæmdaraðila segir að líklega sé eitthvert uppeldi bleikju- og urriðaseiða í Brúará næst framkvæmdasvæðinu. Laxaseiði þrífast þar þó síður. Í minnisblaðinu segir jafnframt að það að veita óhreinsuðu eða lítt hreinsuðu skólpi til árinna gæti haft óhagstæð vistfræðileg áhrif.

Stangveiði er ekki stunduð á væntanlegu áhrifasvæði framkvæmdarinnar og gera má ráð fyrir því að framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á stangveiðar.

Með vísan til þess sem segir hér að ofan telur Skipulagsstofnun ólíklegt að framkvæmdin komi til með að ganga á álagsþol náttúrunnar með tilliti til kjörlendis dýra.

Umhverfi framkvæmdasvæðis einkennist að nokkru leyti af fyrri framkvæmdum en um er að ræða landbúnaðarland með skurðum, túnum og vegum. Ferðaþjónusta og sumarbústaðarlönd eru á svæðunum í kring og ber landslagið einkenni af því. Þá setur jarðhitanýting við Efri-Reyki svip sinn á umhverfið með áberandi gufustróki. Þá er fyrirhugað framkvæmdasvæði staðsett við Laugarvatnsveg á milli Laugarvatns og Geysis í Haukadál. Töluverð umferð er um veginn en skv. heimasíðu Vegagerðarinnar var árdagsumferðin 2.100 bílar árið 2018. Með hliðsjón af framansögðu telur Skipulagsstofnun ólíklegt að framkvæmdin komi til með að ganga á álagsþol náttúrunnar með tilliti til landslagsheilda.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkur á áhrifum, tímalengd, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnun ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Sem fyrr segir er það mat Skipulagsstofnunar að um er að ræða umfangsmikla framkvæmd sem jafnframt er staðsett innan verndarsvæðis. Þrátt fyrir verndarstöðu Brúarár og bakka hennar telur Skipulagsstofnun fyrirhugað framkvæmdasvæði ekki viðkvæmt enda er það töluvert raskað og stendur við fjölfarinn veg ásamt því að umhverfið einkennist nokkuð af fyrri framkvæmdum. Mikill



fjöldi ferðamanna á leið um svæðið í dag og mun hluti þeirra gista á hótelinu og/eða sækja í baðlónið.

Framkvæmdaraðili hefur brugðist við helstu álitamálum sem upp hafa komið við málsmeðferðina og boðað tiltekna breytingar á framkvæmdinni og sett fram mótvægisáðgerðir. Að mati Skipulagsstofnunar eru breytt áform og boðaðar mótvægisáðgerðir til þess fallnar að draga verulega úr mögulegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þar vegur þungt fyrirhuguð áfangaskipting og boðað samráð við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um mögulega frekari hreinsun á frárennsli á grundvelli vöktunar.

Skipulagsstofnun telur afar mikilvægt að verktilhögun framkvæmdaraðila verði með þeim hætti sem boðað hefur verið og telur rétt að binda leyfisveitingar eftirfarandi skilyrðum:

1. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að rannsaka grunnástand á lífríki Brúarár í nágrenni útrásar frárennslis.
2. Útfæra þarf vöktunaráætlun í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
3. Áður en framkvæmdir vegna seinni áfanga hefjast þarf í samráði við Heilbrigðiseftirlit að meta hvort þörf er á frekari hreinsun á grundvelli vöktunar á áhrifum rekstur fyrri áfanga á Brúará.

Að teknu tilliti til ofangreinds telur Skipulagsstofnun ólíklegt að framkvæmdin komi til með að hafa í för með sér veruleg óafturkræf umhverfisáhrif sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. apríl 2020.

Reykjavík, 4. mars febrúar 2020

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson